

# Skilalýsing - Parhús 2 x 20 fm ferðapjónustuhús

## Meðfylgjandi húsinu

Eru allar nauðsynlegar arkitekta- og verkfræðiteikningar ásamt rafmagnsteikningum. Undirstöðuteikningar fylgja verkfræðiteikningum.

## Frágangur hússins - burðarvirki

- Gólf er frágengið og klárt á þremur 2x45x220mm dregurum. Gólframminn er byggður úr 45 x190 mm timbri cc 40 cm, lausholtum cc 120 cm. Á milli dregara og gólframma er gólfið lokað af með tvöföldu Delta vent vindvarnarlagi og músaneti. Að innan er gólfið fyllt með 14.5 cm steinull, rakavarnarlagi og klætt með 18 mm nótuðum krossvið.
- Útveggir byggðir úr 45x125mm með einfaldri reim að neðan og tvöfaldri að ofan. 12 cm einangrun er í sperrubili og 3 cm í lagnagrind. Þaksperrurnar eru úr 45x220mm.
- Útveggir eru byggðir úr 45 x 125 mm með einfaldri reim að neðan og tvöfaldri að ofan. Þaksperrurnar eru úr 45 x 220 mm. 20 cm af ull í sperrubil og 3 m í lagnagrind. Ytra byrgði veggstoða er klætt með 9mm krossvið, 21x50mm lektum vind og vatnsvarnardúk og að síðustu liggjandi Auzink báruklæðningu. Veggir tengdir við gólf með 12mm frönskum skrúfum í gegnum bmf vinkla sem eru negldir í veggstoðir með 6 stk 4/40 bmf saum.
- Gluggar eru timburgluggar með tvöföldu 4mm gleri með argon K lakkaðir í RAL lit að vali kauanda <https://www.rationel.co.uk/>
- Gluggaaðfellur og gerefti eru úr furu.
- Hurð er timbur flekahurð lökkuð í Ral lit að vali kaupanda með glugga. <https://www.rationel.co.uk/> Gerefti og innri aðfellur eru fura.
- Þaksperrurnar eru klæddar með borðaklæðningu 25 x 150 mm. Þar næst Isola Dglass þakpappa og að síðustu Alusink báruþakjárn.
- Þak er frambyggt um 60cm.
- Undir þakskyggni klætt með 22 mm timburklæðningu. Á þakskyggni er klætt með 22 mm hefluðum timburborðum.
- Engar þakrennur eru á bústaðnum.
- Vegghæð bústaðs er ca 2,8 m á hærri vegg og 2,5 m á þeim lægri.
- 

Framhald á næstu bls.

## Frágangur hússins - að innan

- Á innra sperrubyrgði er rakavarnarlag, næst rafmagnslektur og að síðustu 12 mm furubaðstofupanel.
- Rafmagnsefni er hvítt frá Merten.
- Á gólfi er eikarlitað víníl parket 12 mm ásamt undirlagi en á baði er víníl öryggisdúkur. Öryggisniðurfall er á baði.
- Á baðherberginu er veggfest wc, veggfestur handlaugarskápur með tækjum. Fyrir ofan vaska er speglaskápur. Sturtan er 80x80 heill vandaður Macro klefi.
- 80 cm rennihurð er á baði. Hurðarfleki er hvítur, gerefti og karmar eru fura.
- Þrír rafmagnssofnar eru í hvorri íbúð, einn inni á baði en tveir í alrými.
- Eldhúskrókur er báðum íbúðum. Eldhúsinnréttingin er hvít. Hún samanstendur af vaskaskáp og einföldum vaski með Damixa blöndunartækjum. Plássi fyrir ísskáp undir borðplötu, tveggja hellu helluborði og skúffueiningum. Sama breidd er af efri skápum.
- Utan á húsinu er lokaður einangraður skápur með læsanlegum hurðum sem inniheldur rafmagns og vatnsinntak. Inn í þessum skáp er sitt hvor varmaskiptirinn fyrir íbúðirnar.
- Framan við húsið er frambyggður 2 m pallur með dekki og 120 cm háum tvöföldum skjólvegg. 90 cm breitt gönguop að framan fyrir hvora íbúðareiningu en ekki hlið né stigi. Ath að pallurinn er fluttur laus frá húsinu. Í flutningi er pallurinn settur ofan á þak hússins.

Hafðu samband til þess að fá verðtilboð.

Fríða Stefánsdóttir

[www.reisum.is](http://www.reisum.is)

[reisum@reisum.is](mailto:reisum@reisum.is)

Sími: 464 1202 / 899 0913